

Rýmingaráætlun skólans

Í stofum er kort með rýmingarleiðum vegna eldsvoða eða náttúruhamfara. Kennarar skulu kynna sér þær vel og jafnframt kynna þær fyrir nemendum sínum. Ávallt skal bregðast við ef brunaviðvörðunarkerfi fer í gang. Brunaeþingar er haldnar 1- 2 sinnum á skólaárinu.

Brunaviðvörðunarkerfið

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

- Skólastjóri og umsjónarmaður fara að stjórnöflu brunaviðvörðunarkerfis og kanna hvaðan brunaboðið kemur.
- Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum leiðbeiningum sem eru að finna í öllum kennslustofum. Teikningar af útgönguleiðum eru innan á hurðum skólastofa og einnig á göngum skólans. Nemendur yfirgefa ekki kennslustofu fyrr en kennari hefur kannað hvort útgönguleiðin sé greið. Hver kennari er ábyrgur fyrir þeim bekk/hóp sem hann er að kenna þegar hættuástand skapast og þegar stofan er yfirgefin þarf að muna eftir nafnalistanum. Ætíð skal velja þann neyðarútgang sem er næstur.
- Skólastjóri eða umsjónarmaður hafa samband við slökkviliðið í síma 112, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ef um falsboð er að ræða er slökkt á brunavælum sem gefur til kynna að hættuástand sé liðið hjá.
- Þegar komið er út á söfnunarsvæðin er mjög mikilvægt að nemendur standi í röð hjá sínum kennara sem fer yfir nafnalistann og kannar hvort allir séu komnir út. Kennari kemur síðan upplýsingum um stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis.
- Umsjónarmenn söfnunarsvæða koma upplýsingum um stöðuna til skólastjórnenda eða umsjónarmanns.
- Slökkviliðið kemur á staðinn. Skólastjórnandi/umsjónarmaður gefur varðstjóra upplýsingar um stöðuna.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er

Viðbrögð við eldsvoða

Leiðbeiningar fyrir nemendur og kennara

- Þegar viðvörðunarkerfið fer í gang fara nemendur strax í röð í stofunni.
- Kennari athugar hvort leiðin út sé greið.
- Nemendur fara ekki í skó.
- Nemendur ganga í röð á eftir kennara sínum út á söfnunarsvæðið. Bannað er að hlaupa og vera með óþarfa hávaða. Kennari þarf að muna eftir nafnalista.
- Þegar nemendur eru komnir út á söfnunarsvæði mynda þeir röð hjá kennara sínum (hjá þeim kennara sem þeir voru í tíma hjá bekkjarkennara eða lotukennara) sem fer yfir nafnalistann og aðgætir hvort allir nemendur hafi komið út. Ef ekki skal kennari standa við hópinn og rétta upp hendi.
- Kennari tilkynnir stöðuna til umsjónarmanns söfnunarsvæðis.
- Ef um falsboð er að ræða er mjög mikilvægt að kennari noti tækifærið og ræði við nemendur um mikilvægi brunavarna og fari vel yfir rýmingaráætlunina með nemendum sínum.

Sá aðili sem síðastur fer út úr hverri stofu skal loka öllum hurðum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er